Veg(g)ir / Ways / Walls

Veg(g)ir
Ways / Walls

Vinnuferli sex listamanna sem stóð yfir frá janúar til maí 2000 í Listasafni Reykjavíkur, Kjarvalsstöðum
Project involving six artists from January into May 2000 in the Reykjavík Art Museum - Kjarvalsstaðir

13. janúar	-	3. febrúar	Hlynur Hallsson
3. febrúar	-	24. febrúar	Daði Guðbjörnsson
24. febrúar	-	16. mars	Katrín Sigurðardóttir
16. mars	-	6. apríl	Ráðhildur Ingadóttir
6. apríl	-	27. apríl	Gunnar Örn Gunnarsson
27. apríl	-	18. maí	Ragnheiður Jónsdóttir





"Ways / Walls"

The general public has a very few opportunities to observe artists at work. Consequently it can be said that the relationship between art and the public is veiled by a certain mystique, which must be explored and perhaps lifted away, if only for a moment.

The "Ways/Walls" project was based on two elements:

to provide artists with an opportunity to carry out their ideas on a large surface (a wall which is 24 meters long and about 3,5 meters high) To allow the visitors of the Museum to follow the development of a work of art from it's beginning to its completion.

The project was continuous in time as the artists took over from one another. Each artist aimed to have his/her work ready one week prior to the closing date of the period in question, unless the nature of the work determines that it continued to develop until the last moment.

The project strongly referred to the transient nature of life and art. After each exhibition period the contribution of that artist was removed or hidden behind a new layer of paint – and thus became the foundation of what was to be created on the wall during the next period.


In this way a certain closure was achieved at the same time a dynamic continuity was kept going.

Eiríkur Þorláksson,
Director Reykjavík Art Museum

Býr og starfar í Þýskalandi.
Eftir að hafa lokið námi frá fjöltæknideild Myndlista- og handíðaskóla Íslands 1993 fór Hlynur til náms við listaháskóla í Þýskalandi. Frá árinu 1994 hefur hann haldið einkasýningar m.a. í Bandaríkjunum, Noregi og Þýskalandi og hér heima, og hefur tekið þátt í fjölda samsýninga víða um heim.

Lives and works in Germany
Hlynur graduated from the Icelandic School of Arts and Crafts in 1993 and then went to study at an art academy in Germany. Since 1994 he has held private exhibitions in the United States, Norway, Germany and Iceland and has participated in number of group exhibitions all over the world.

Hlynur Hallsson f. / b. 1968



Yfirlýsing listamanns

„Ég ætla að nota vegginn sem dagbók frá föstudeginum 14. janúar til þess 3. febrúar.

Ég mun skrifa hvað ég geri þannig að allir geti lesið það nákvæmlega - draumar, vandamál, daglegt líf, plön, samskipti við annað fólk, hugmyndir að verkum, fjölskyldulíf og allt sem ég tek mér fyrir hendur verður rakið í dagbókinni sem þannig verður mjög persónuleg.


Þá ætla ég að taka ljósmyndir, eina filmu á dag og láta framkalla yfir nótt og hengja myndirnar upp næsta dag á vegginn.

Gestir Kjarvalsstaða geta tekið þátt í þessu, enda verð ég á staðnum blómann úr deginum og spjalla við þá sem koma eða eiga leið hjá um verkið, lífið og tilveruna, og allra hliðar hennar.

Útkoman úr slíku spjalli fer svo beint inn í verkið, enda orðin hluti af dagbókinni þann daginn.

Þannig verður veggurinn eins og **„vegur"** sem ég geng þær þrjár vikur sem framkvæmd verksins stendur yfir."





Artist's Statement

"I intend to use the wall as a diary from January 14Th until February 3rd.

I will write about what I do in such a way that everyone can read an exact account - dreams, problems, daily life, plans, relations with other people, ideas for future works, family-life - as in fact all my activities will be related in this highly personal diary.

I also intent to take photographs, one roll of film each day and have it developed overnight - and put them on the wall the next day.

Visitors to Kjarvalsstadir are able to participate in this project, as I will be in the museum the better part of the day ready to chat with those visiting or passing through, about the project as well as every aspect of life and living.


The outcome from such a discussions will automatically enter the "work" as a part of recording of the diary that particular day.

Thus the wall will act as a kind of a "way" which I will be walking during those three weeks of performing the project."

Býr og starfar í Reykjavík.
Lauk námi frá Myndlista- og handíðaskóla Íslands 1980 og stundaði nám við Rijksaka-demie van Beeldende Kunsten í Amsterdam, Hollandi árin 1983-1984.
Frá 1980 hefur Daði haldið fjöldan allar af einkasýningum og tekið þátt í fjölda samsýninga víða um heim. Verk eftir hann eru í eigu helstu safna.

Lives and works in Reykjavík.
Graduated from the Icelandic School of Crafts and Arts in 1980 and further studies at the Rijksakademie van Beeldende Kunsten in Amsterdam, The Netherlands 1983-1984.
From 1980 Da i has had private many exhibitions and participated in numerous group exhibitions all over the world. His works are in all the major museums.

Daði Guðbjörnsson f. / b. 1954



Yfirlýsing listamanns

„Bæði vegir og veggir hafa komið fyrir á myndum sem ég hef málað síðustu tvo áratugina, og því finnst mér spennandi að fá tækifæri til að vinna að verki í stóru formi sem tengir þessi tvö myndefni saman með jafn markvissum hætti og hér á sér stað.

Listin er að mínu áliti úrvinnsla hugsunarinnar, og því verður það aldrei neitt einfalt sem kemur út úr þeirri vinnslu sem hin endanlega afurð - listaverkið sjálft - ef heiðarlega er að verki staðið.

Listin er manninum afar mikilvægt hjálpartæki við misvel heppnaðar tilraunir hans til að skilja hluti og fyrirbrigði á þeim undarlega vettvangi, sem stundum er kallaður „Raunveruleiki".

Ég hef ákveðið að við vinnslu þessa verkefnis komi fram viss aðferðafræði sem ég nota almennt við mína listsköpun. Hún felst í því að fyrst eru máladir ákveðnir hlutar verksins á nokkuð raunsæislegan hátt, líkt og hugmynd að umgjörð sem fyrir utan nálægðina kemur listinni sjálfri lítið sem ekkert við. Hin víddin í verkinu verður síðan „hin listræna sýn" sem verður máluð á þann hluta veggjarins sem eftir verður þegar búið er að leiða heildina saman - eftir veginum annars vegar og veggnum hins vegar."




Dadi
2006

Artist's Statement

"Ways/roads and walls have both been an active part of the imagery of my paintings during the last two decades. Therefore it is very exciting for me to get an opportunity to do a project on such a large surface, combining these two images in such a focused way as possible here.
In my opinion art is the result of a process that derives from thought and consequently the final product - the artwork itself - can never be anything simplistic if the work itself is done honestly.

Art is also a very important tool for man in his not-always successful attempts to understand things and phenomena in that strange part of existence, that is sometimes called "Reality".

I have decided that in the process of this project I will show a certain methodology that I often use in my artwork. Through this, certain parts of the final work are first painted in somewhat realistic way, like the idea of a frame or outline, that beyond the proximity has very little to do with the art itself. The second part of the work becomes "the artistic vision" that will be painted onto that section of the wall that is left when the whole has been brought together - following the way on the one hand and the wall on the other."

Býr og starfar í New York, Bandaríkjunum og Reykjavík.
Stundaði myndlistarnám við fjöltæknideild Myndlista- og handíðaskóla Íslands árin 1986-1988. Lauk BA í listum frá San Francisco Art Institute, San Francisco og MA í listum frá Mason Gross School of the Arts, Rutgers University. N. Brunswick, N.J., Bandaríkjunum. Hefur haldið einkasýningar frá árinu 1990 og tekið þátt í fjölda samsýninga víða um heim.

Lives and works in New York City and Reykjavik, Iceland.
Studied art at the Icelandic School of Craft and Arts 1986-1988. BFA from San Francisco Art Institute, San Francisco and MFA from Mason Gross School of the Arts, Rutgers University, N. Brunswick, N.J. Katrin has had private exhibitions from 1990 and has participated in many group exhbitions all over the world.

Katrín Sigurðardóttir f. / b. 1967



Yfirlýsing listamanns

„Í þessu húsi ríkja annars vegar þykkir, þungir steinveggir og hins vegar glerveggir, sem eru ósýnilegir og léttir. Efnisgerð veggjanna og öll rýmisskipan hússins er að mörgu leyti lýsandi fyrir tvíþætt hlutverk „borgarlistasafns" sem stofnunar:

Annars vegar er safnið eins og gluggi út í félagslegt rými borgarinnar; list og menning staðar og stundar flæða þar í gegn eins og ljós í gegnum gler.
Á hinn bóginn er safnið eins og varnarvirki, jafnvel grafhvelfing, þar sem list og menning er varðveitt, fryst í tímalausu og vernduðu umhverfi.
Stundum drottna þau gildi í söfnum sem eru tákngerð í þessum þykku veggjum. Sú hugmynd sem ég legg upp með í vinnu minni innan þessa rýmis/stofnunar, er hins vegar að gera húsið ennþá gagnsærra en það er nú þegar af hendi húsameistarans. Og með allt öðru móti.


Hingað og lengra.

Hugsaðu þér að þegar þú horfir á vegg þá horfir þú í gegnum hann. Stundum gerist það að umgjörðin - stofnunin - hverfur; við að horfa á listaverk horfir þú einhvern veginn lengra. Vegur sjónarinnar liggur í gegnum vegginn en endar ekki þar, og það er einmitt „hlutur" eða „rammi" sem farmlengir skynjun okkar. Verkið holar vegginn.

Ég legg upp með einfalda hugmynd á þessum tilraunavegg, sem er reyndar svona „hvorki né" í samanburði við aðra veggi Kjarvalsstaða - hvorki steinn né gler. Mig langar til að gera þennan vegg að eins konar spegli fyrir það sem er handan hans, þannig að það sem hann skilur okkur frá - bókasafnið hinummegin, bílaplanið, Flókagatan, Hlemmur, Borgartúnið - varpast hér inn til áhorfandans.

Ég vinn hér með efnislegt rými en vona að það geti þjónað sem einhvers konar samnefnari fyrir hinar mörgu og margbrotnu víddir sem teygja úr sér hinumeginn við vegginn."







Artist's Statement

"This building consists of walls - of concrete or glass. The materiality of the walls is in many ways indicative of the binary function of a "city museum".
The glass, transparent and light, is characte-ristic of the museum as a window onto the city as a social space. The art and culture of the moment stream through it like light through glass.

The concrete, impenetrable and heavy is reminiscent of a fortress, even a tomb - in this case preserving culture and "freezing" it in a timeless environment.
The balance between these functions is critical, yet difficult to attain. In the next three weeks I will strive to make this museum more transparent than already created by the architect's plan. In my project as in my reading of this building, architecture serves as a metaphor.

This far . . . and beyond.

Imagine that as you look at a wall, you are looking through the wall. It happens that the framework, the surroundings - the institution -disappears; looking at a work of art you somehow look beyond. The road of vision extends through the wall, extending our senses. The work hollows the wall.
I set out with a simple idea on this "neither/nor" wall (given that it is plywood, neither glass nor concrete). I want to make it into a reflector for all that which is beyond it, so that the concealed spaces - the library on the other side, the parking lot, Hlemmur Central, Borgartún - are brought into the viewers actual spectrum.

I work within a physical space dimension, hoping that it can be seen as metanymic for the multiple dimensions beyond the wall.

Býr og starfar í Reykjavík.
Nam myndlist í Englandi árin 1980-1986. Hefur haldið fjölmargar einkasýningar og tekið þátt í samsýningum heima og erlendis. Verk eftir Ráðhildi eru í helstu söfnum Íslands.

Lives and works in Reykjavík.
Studied art in England 1980-1986. Ráðhildur has held many private exhibition and participated in group exhibitions home and abroad. Works by Ráðhildur are in the major museums in Iceland.

Ráðhildur Ingadóttir f./b. 1959



Yfirlýsing listamanns


„Veggnum verður skipt í tvo hluta með gleiðboga; annar flöturinn verður blár á lit, en hinn grænbrúnn.


- Á bláa fletinum verða dagdraumar í formi teikninga.
- Grænbrúni flöturinn verður notaður undir hugmyndir sem kunna að koma upp á vinnutímabilinu.

Ég hef fengið til liðs við mig tónlistarmanninn Biogen. Hann ætlar að semja tónlist á tölvu.

Saman munum við mynda óendanlegt rými."









Artist's Statement

"The Wall will be divided in two with a hyperbola; one part will be painted blue, but the other greenish-brown.

- The blue surface will host daydreams in the form of drawings.
- The greenish-brown surface will be used for ideas that may come up during the working period.

The musician Biogen will work with me, he will compose music on a computer.

Together we will create infinite space."

Gunnar Örn er **sjálfmenntaður listamaður** og hélt sína fyrstu einkasýningu 1970. Hann hefur síðan þá haldið einkasýningar víða um lönd og einnig verið virkur þátttakandi í samsýningum heima og erlendis. Árið 1988 var Gunnar Örn fulltrúi Íslands á Feneyjar tvíæringnum. Verk hans eru í öllum helstu söfnum á Íslandi og fjölmörgum söfnum erlendis s.s. Guggenheim safninu í New York og í Moderna Museet í Stokkhólmi.

Gunnar Örn is a **self-thaught artists** who had his first private exhibition in 1970. Since then he has had numerous private exhibitions all over the world and has also been an active contributor to international and local gropu exhibitions. In 1988 he was the Icelandic represenatitve at the Venice Biennal. His works can be found in all major Icelandic museums and in several international ones such as the Guggenheim Museum, New York, USA and Moderna Museet in Stockholm, Sweden.

Gunnar Örn Gunnarsson f./b. 1946



Yfirlýsing listamanns

„Ég hef þá trú að það sem skipti okkur mannfólkið hvað mestu máli kosti ekki peninga. Og hvað eignast maður í raun og veru í þessu lífi annað en ef vera kynni andlegan þroska, ef maður er heppinn. Fyrir rúmum fjórum árum fór ég að iðka yoga, og þá opnaðist mér nýr og áður óþekktur heimur - heimur án nokkurra takmarkanna.

Í yogafræðunun er m.a. notuð einbeitingaræfing sem byggir á öndunarpunkti, sem er nærri 1 cm í ummáli. Þessi litli punktur er lúmskulega lítill miðað við þau afgerandi áhrif sem hann getur haft á líf þess sem kýs að nota hann. Með því að stunda að horfa daglega á þennan litla punkt - í um 4 mínútur - getur maður aukið einbeitingu sína, róað hugann og skynjað nærveru annarra vídda. Kostar jú ekki neitt, nema smá fyrirhöfn.

Ástæða þess að ég tíunda þetta hér er að þegar mér bauðst að taka þátt í verkefninu „Veg(g)ir", kom ekkert annað upp í hugann en að útfæra hugmynd sem væri tengd þessum undrapunkti.


Hugmyndin er að raða litaflötum þvert á vegginn, með einn öndunarpunkt í hverjum fleti. Síðan fæ ég til liðs við mig hóp nemenda úr nálægum skóla, um tuttugu talsins, mæli hæð hvers nemanda fyrir sig, og býð til öndunarpunkta miðað við hvern og einn (en punkturinn stillist í augnhæð miðað við hvern einstakling). Síðan er ætlunin að fá þau til að stilla sér upp við vegginn og taka öndunaræfingu á hinni formlegu „lokun" verksins.

Ég neita því ekki að undir niðri óska ég þess að einhver af þessu unga fólki fái nú, eða síðar á ævinni, löngun til að skyggnast inn í innri heima þar sem ríkir kyrrð og samhljómur."





Slippfélagið, málningarverksmiðja
styrkir verkefnið.



The project is sponsored by
Slippfélagið Málningarverksmiðja

Artist's Statement

"I believe that what matters the most to us as people does not cost money. And what do you really acquire in this life except possibly spiritual maturity, if you are lucky.

About four years ago I began practicing yoga and a new and previously unknown world open up to me - a world without limitations. In yoga you can, among other things, use an exercise in concentration that is based on a breathing point, which is about 1 cm in diameter. This tiny point is deceitful small compared with the effect that it can have on the life of the person that chooses to use it. By focusing on this tiny dot everyday - for about four minutes - you can increase your concentration, ease your mind and sense the presence of other dimensions. Doesn't cost a thing, except a little effort.

The reason I am relating this here is that when I was offered the opportunity to take part in the project "Ways/Walls" the only thing that came to my mind was to develop an idea that was related to this wonderful point.

The idea is to line up a row of colour fields on the wall, with space for one breathing point in each field. Then I will get a group of students from a nearby school, about twenty in all, measure the height of the students and create a breathing point measured for each and every one (the dot is placed in the height of the eyes of each individual). Then the idea is to get them to line up against the wall and do a breathing exercise at the formal "closing" ceremony for the project.


I cannot deny that deep down I wish that some of these young people will, now or later in life, get the urge to look deep down into the inner worlds where tranquility and harmony reign."

Nám myndlist við Myndlistaskólann í Reykjavík, Glyptotekið í Kaupmannahöfn, Myndlista- og handíðaskóla Íslands, Atelier 17,
París á árunum 1959-1970.

Hefur haldið fjöldan allan af einkasýningum víða um heim ásamt þátttöku í miklum fjölda samsýninga. Verk eftir Ragnheiði eru í opinberri eigu víða bæði á Íslandi og í Evrópu.

Studied art at the Icelandic School of Art, The Glyptotech, Copenhagen, Denmark, The Icelandic School of Arts and Crafts and Atelier 17, Paris, France from 1959 until 1970. Ragnheiður has had numerous private exhibition internationally as well as locally and is a active contributor to group exhibitions all over the world. Her works are in public collections in many European contries as well as Iceland.

Ragnheiður Jónsdóttir f./b. 1933




Yfirlýsing listamanns
„Vegleysur . . .

Ég hugsa mér að feta hina órannsakanlegu vegi hugarflugsins - um firnindi - vegleysur. Þar eru klettar Klungur - urð og grjót. Ferðin hefst þarna í suðvesturhorninu (50 cm frá gólfi). takmarkið er að komast um þessar vegleysur - alls 350.000 cm2 - og ná til ákvörðunarstaðar á norðausturhorninu (50 cm frá lofti) fyrir 18 maí Anno 2000.

Nestið er fátæklegt; nokkrir pakkar af viðarkolumrauðvínsflaska (tóm) - ónýtu sokkarnir mínir - strokleður."





Artist's Statement
"No roads . . .

This will be one of these trips into the unknown - I have no idea what tomorrow will bring. That is how I often experience the feeling of starting on a new project.

I have decided to follow, step by step, the impenetrable ways of the imagination - through wilderness - where there are no roads to guide you. But there are cliffs - (50 cm off the floor).

The object is to get through this barren area - all 3500.000 cm2 of it - and to reach a destination in the northeast corner (50 cm below the ceiling) before 18th of May, Anno Domini 2000.

The provisions are sparse; a few packs of charcoal - a bottle of red wine (empty) - my worn-out socks - an eraser."

Menningarmálanefnd Reykjavíkur /
The Cultural Committee of the City of Reykjavík:
Guðrún Jónsdóttir, formaður / chair, **Anna Geirsdóttir**,
Örnólfur Thorsson, **Eyþór Arnalds**, **Júlíus Vífill**
Ingvarsson, **Valgerður Bergsdóttir** og **Tryggvi Baldvinsson**

Forstöðumaður Listasafns Reykjavíkur /
Director Reykjavik Art Museum:
Eiríkur Þorláksson

Þýðing / Translation:
Eiríkur Þorláksson

Ljósmyndun / Photography:
Kristján Pétur Guðnason

Hönnun sýningarskrár / Catalogue design:
Bjarki Iúðvíksson Bjarki H. Brynjarsson

Umsjón með gerð sýningarskrár / Catalogue production:
Þorbjörg Br. Gunnarsóttir

Prentun /Printing:
Prentmet

ISBN 9979-769-04-1

LISTASAFN REYKJAVÍKUR
REYKJAVIK ART MUSEUM
janúar – maí 2000

Íslandssími